

**Sp.**

### **394. Þingsályktun**

um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu.

(Afgreidd frá Sp. 9. febr.)

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganefnd til að gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur og herinn hverfur á brott. Í tillögunum verði að því stefnt, að þær framkvæmdir, sem veita skulu atvinnu fyrst í stað, verði jafnframt undirstaða að aukningu atvinnurekstrar og framleiðslu í landinu.

Nefndin skal enn fremur gera tillögur um fyrirkomulag á stóratvinnurekstri í landinu og afskipti ríkisvaldsins af þeim málum. Lögð verði áherzla á, að skipulag atvinnurekstrarins tryggi sem best, að stórfyrirtækin séu rekin með almenningshag fyrir augum og að þeir, sem að honum vinna, beri úr bótum endurgjald fyrir störf sín í samræmi við afkomu atvinnurekstrarins. Nefndin skal starfa í samráði við aðrar nefndir eða stofnanir, sem falin kann að verða athugun á atvinnuvegum landsmanna eða einstökum starfsgreinum, og fylgjast sem best með starfsemi hliðstæðra nefnda, sem skipaðar hafa verið erlendis.

Nefndinni er heimilt að taka sér til aðstoðar sérfróða menn í einstökum verk-efnum, sem henni eru falin til meðferðar í tillögu þessari. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin velji sér formann.